

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR DAGVISTUN 6-10 BARNA Í HEIMAHÚSI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuháttar, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir starfsemi daggæsluforeldra í heimahúsi með 6-10 börn. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.		
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminni.	941/2002 13. og 14. gr.	
1.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr. 536/2001	
1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á starfseminni að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 3. og 13. gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Þess skal gætt við staðsetningu starfseminnar að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34. gr.	
2.2 Húsnæði skal vera vel viðhaldið, umgengið og þrifið. Fara skal að fyrirmælum heilbrigðoisnefndar varðandi hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.	941/2002 14. gr. og 34. gr.	
2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Heitt og kalt vatn skal vera til staðar.	941/2002 14. gr.	
2.4 Innanstokksmunir skulu vera við hæfi notenda.	941/2002 37. gr.	

2.5	Leiksvæði fyrir hvert barn skal vera a.m.k. 3,0 m ² gólfflatar. Leikrými og hvíldaraðstaða skal vera fullnægjandi. Svefnarðstaða heimilisfólks telst ekki til leikrýmis barna.	941/2002 40. gr.	
2.6	Snyrtинг og eldhús skulu búin fullnægjandi innréttigungum og tækjum. Lágmarks tæki í eldhúsi eru eldavél, kæliskápur og uppþvottavél.	941/2002 40. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þrifin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og taka til daglegra þrifa á húsnæði, leikföngum og áhöldum. Allsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 11. og 14. gr.	
3.2	Leikföng skulu þrifin reglulega.	941/2002 35. gr.	

4. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Litir og föndurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald.	941/2002 35. gr.	
4.2	Leikvallatæki og leiksvæði skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða.	942/2002	
4.3	Halda skal skráningar um slys og eftirlit með öryggispáttum og búnaði.	941/2002 36. gr.	
4.4	Öll hættuleg efni og tæki eins og ræstiefni, lyf, málningarávörur og hættuleg eða oddhvöss tæki skulu geymd þar sem börn ná ekki til, s.s. í læstum hirslum.	941/2002 37. gr.	

5. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	




6. UMHVERFISMÁL

	Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1 Lóð í kringum húsnæði skal vera frágengin og henni haldið hreinni.	941/2002 14. gr.	
6.2 Frágangur fráveitu skal vera fullnægjandi. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	
6.3 Frágangur sorpíláta skal vera fullnægjandi, þau heil, hrein og meindýraheld.	941/2002 14. gr.	
6.4 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti er varða matvæli, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 16.03.2018

 Kristín Linda Árnadóttir

